

Siglingaráð

43. fundur

Dags.: 14. september 2023, kl. 11:00 til 13:00 í innviðaráðuneytinu.

Mættir: Halldór Ármannsson formaður, Ásta Þorleifsdóttir (irn), Fannar Gíslason (Vegagerðin, Hafnadeild), Lúðvík Geirsson (Samband ísl. sveitarfélaga), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Páll Ægir Pétursson (Félag skipstjórnamanna), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmæknimanna), Guðmundur Herbert Bjarnason (SFS), Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Arthur Bogason (Landssamband smábátæigenda), Kristín Helga Markúsdóttir (Samgöngustofa), Þorsteinn Þorkelsson (Samgöngustofa), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Eggert Ólafsson (irn), Marta M. Kristinsdóttir (irn), **Varamenn:** Stefán Guðmundsson (SAF), Björgólfur H. Ingason (LHG), **Forföll:** Árni Sverrisson (Félag skipstjórnamanna), Auðunn Kristinsson (LHG), Rannveig Grétarsdóttir (SAF), Birna Ragnarsdóttir (Samtök verslunar og þjónustu)

Lagt var fram:

- Dagskrá fundar (send í tölvupósti).
- Fundargerð 42. fundar Siglingaráðs (send í tölvupósti).
- Hafnir og öryggi þeirra á samgönguáætlun. Kynning FG/Vegagerðin (verður send í tölvupósti).
- Samanburður lyfja og lækningatækja við eldri reglugerð (sent í tölvupósti).
- Hugmyndir að leiðsögu við strendur Íslands

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

HÁ setti fundinn. Nýr ráðuneytisstjóri, Hermann Sæmundsson kynnti sig. Fundarmenn buðu hann velkomin til starfa.

- Fundargerð 42. fundar samþykkt.**
- Hafnir og öryggi þeirra í samgönguáætlun.** FG kynnti verklag við gerð framkvæmda- og kostnaðaráætlunar vegna hafna og vita fyrir 2024 til 2028 (sjá gögn nr.3) skv. flokkun eftir umsvifum. Viðhaldsverkefni og ferjubryggjur eru í forgangi. Gert er ráð fyrir 20 m.kr á ári í vitamál en gæti þurft viðbót til þess að tryggja öryggi í siglingum vegna sjókvía. Unnið er að áhættumati vegna sjókvía en slíkt mat verður lögbundið við leyfisveitingar. Verið er að setja AIS senda á sjókvíar sem er til bóta. Ráðið óskar eftir samráði við reglusetningu.
- Þingmál, regluverk og samningar sem varða siglingar.** EÓ
Frumvarp til laga á haustþingi
Lög um vaktstöð siglinga endurflutt. Helstu breytingar varða tengsl Vg við LHG og Neyðarlínu, sektarheimildir við brotum á tilkynningarskyldu og kröfur um að farþegaskip tilkynni siglingaleiðir milli hafna og fyrirhugaðar landtökur. Ekki er gerð krafa um leiðsögumenn við strandsiglingu en má koma að í umsögnum hagaðila.
Breytingar á Hafnalögum; um afmörkun hafnasvæða, heimildir til rafrænnar vöktunar, gjaldtöku hafna o.fl. Heimild hafna í eigu sveitarfélaga til að hefja umhverfismiðaða gjaldtöku (EPI) var ekki sett í lög í vor vegna óvissu um samræmi slíks ákvæðis við stjórnarskrá. Lagastofnun hefur tekið að sér athugun á því hvort og þá hvernig hægt sé að setja slíkt ákvæði.
Hafnasambandið telur brýnt að hefja heildarendurskoðun á Hafnalögunum
Breytingar sem óskað hefur verið eftir á reglugerð 463/1998 um farþegaflutninga verða gerðar samhliða innleiðingu tilskipunar og koma til framkvæmdar næsta vor.
Breyting á reglugerð um sleppibúnað í skipum er í vinnslu
Samræming á regluverki um áhafnir skipa m.a. um lögskráningu eru í vinnslu.
- Mál í vinnslu hjá Samgöngustofu.**
 - Mínar síður í skútunni.** Unnið er að þarfagreiningu vegna tilfærslu Skútunnar á Ísland.is samhliða verða uppfærðar Mínar síður.
 - Neyðarsvörun utan skrifstofutíma.** Stefnt er að samvinnu við LHG um úrlausn málsins. Málið varðar fyrst og fremst lögskráningu vegna skyndilegra forfalla.

- c) **Fyrirspurnir um leiðsögumannaskírteini.** Ekki tókst að afla uppl. um fjölda réttinda fyrir fundinn en listinn er enn ekki aðgengilegur vegna persónuverndarsjónarmiða. Brýnt að fjölga leiðsögumönnum m.a. með námskeiðum fyrir skipstjórnarmenn verði tekin upp leiðsöguskylða.
- d) **Afgreiðslutími atvinnuskírteina.** Langur afgreiðslutími í sumar var m.a. vegna innleiðingar á Skútunni. Verið að skoða breytingar þannig að starfsmenn með „kerfis“ kennitölu geti lögskráð áhafnir en þeir hafa ekki haft aðgang að kerfinu.
- e) **Merkingar skipa.** Ítrekuð ósk um reglugerð nr. 493/1986 um merkingar skipa m.t.t. IMO reglna þ.e. að þilfarsskip séu merkt með kallmerki skipsins. Taki einnig til merkinga á björgunarhringum.

5) Önnur mál.

- a) Spurt um gjalddöku, 50.000 kr., á smábáta: Gjaldið sem Fiskistofa innheimtir rennur til rekstrar viðkomandi hafna.
- b) **Fyrirspurn um kostnað lyfja og lækningatækja.** MMK rakti feril málsins frá 2019 til dagsins í dag. Þörf á uppfærslu vegna breytinga á lyfjum og lækningatækjum, auk þess að mæta kröfum breytinga á tilskipun. Þá var einnig verið að koma til móts við óskir um nýjan undirflokk skipa í flokki B með stuttan útitíma, þ.e. farþegaskipa í ferðþjónustu, vegna mikils kostnaðar. Útgerðir skipa í flokki D hafa kvartað um aukinn kostnað. Kostnaðarbreyting verður metin. Stefnt er að því að þeir þættir sem varða viðauka færast til Lyfjastofnunar.

Leiðsögumannaskylda. Lögð voru fram drög að tillögu að leiðsöguskyldu við á viðkvæmum svæðum við strendur landsins líkt og gert er á Grænlandi, í samráði við hagaðila þ.m.t. landeigendur aðliggjandi jarða. Fagráðið samþykkti að senda ráðherra ályktun eftirfarandi ályktun, sjá einnig fylgiskjal.

„Fagráð um siglingamál óskar eftir því að innviðaráðuneytið beiti sér fyrir því að leiðsöguskylða um borð í farþegaskipum verði tekin upp á viðkvæmum svæðum þar sem náttúran verður látin njóta vafans við Íslensku ströndina.“

Næsti fundur verður í október og boðaður í tölvupósti.

IV og ÁP rituðu fundargerð.

Útistandandi mál – til umræðu síðar

Innleiðing ILO 188 ólukið

Áhættumat siglingaleiða